

hagssvæðis, enda starfi hann og sé skattskyldur skv. 1. gr. hér á landi. Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari málsgrein eru þau að börnin séu heimilisföst í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst. Nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu settar í reglugerð.

## 3. gr.

4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1954 orðast svo: Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó getur ráðherra heimilað að ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins verði ráðnir til starfa með sömu kjörum og íslenskir ríkisborgarar. Einnig má víkja frá þessu ákvæði ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfi til bráðabirgða.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

## LÖG

### um veitingu ríkisborgararéttar.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahmed, Dani, verkamaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1965 í Marokkó.
2. Andri Lars Guðmundsson, barn í Reykjavík, f. 5. júlí 1992 í Reykjavík.
3. Anna María Guðmundsdóttir, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 14. janúar 1956 á Sauðárkróki.
4. Antun, Lucic, fiskvinnslumaður á Djúpavogi, f. 3. ágúst 1949 í Júgóslavíu.
5. Arnar Gunnlaugsson, verkamaður í Keflavík, f. 28. desember 1948 í Reykjavík.
6. Biondani, Sarah, yfirkennari í Reykjavík, f. 15. júlí 1948 í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.
7. Bonilla, Victor, aðstoðarprentari í Reykjavík, f. 6. nóvember 1968 í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.
8. Bradley, Sean Aloysius, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. apríl 1957 á Írlandi. Fær réttinn 23. september 1993.
9. Caballa, Maria Lourdes, saumakona í Reykjavík, f. 30. júní 1956 á Filippseyjum.
10. Cabero, Grisel Urquieta, nemi á Seltjarnarnesi, f. 28. júní 1961 í Bólivíu.

11. Cariglia, John Julius, nemi á Akureyri, f. 14. ágúst 1974 á Akureyri.
12. Cariglia, Nicholas John, læknir á Akureyri, f. 6. desember 1946 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
13. Cisneros, Evangeline Rodrigo, verkakona á Akureyri, f. 5. febrúar 1951 á Filippseyjum.
14. Cupal, Concordia Hinampas, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. ágúst 1945 á Filippseyjum.
15. Deriveau, Marie Nicole Antoinette Lizin, skelvinnslukona í Stykkishólmi, f. 2. mars 1944 í Zaire.
16. Dervic, Izudin, knattspyrnuþjálfari í Hafnarfirði, f. 22. febrúar 1963 í Júgóslavíu.
17. Dicdican, Emiliana Apostol, húsmóðir á Djúpavogi, f. 8. ágúst 1958 á Filippseyjum.
18. El Asri, Mohamed, fiskvinnsluaður í Reykjavík, f. 8. mars 1967 í Marokkó. Fær réttinn 17. september 1993.
19. Faber, Berta Lucille, kennari í Hafnarfirði, f. 21. september 1962 í Saudi-Arabíu.
20. Fei, Hou Xiao, íþróttþjálfari í Reykjavík, f. 26. nóvember 1956 í Kína.
21. Gala, Domenico, verkamaður í Hafnarfirði, f. 13. október 1965 á Ítalíu.
22. Gao, Li, verkakona í Kópavogi, f. 1. desember 1957 í Kína.
23. Garcia, Genaida Talledo, verkakona í Reykjavík, f. 3. apríl 1959 á Filippseyjum. Fær réttinn 7. júlí 1993.
24. Gledhill, Margrét, talsímavörður í Reykjavík, f. 29. nóvember 1966 í Englandi.
25. Grigory Reimarsson, verkamaður í Borgarnesi, f. 13. febrúar 1971 í fyrrum Sovétríkjunum.
26. Guðrún Dalia Salómonsdóttir, barn í Reykjavík, f. 8. janúar 1981 í Reykjavík.
27. Hansen, Annette Marie, verkakona á Akureyri, f. 27. september 1968 á Akureyri.
28. Hassan, Mohammed Sameh, þjónn í Keflavík, f. 25. mars 1965 í Egyptalandi.
29. Huntingdon-Williams, Martin Edward, arkitekt í Reykjavík, f. 13. júlí 1955 í Englandi.
30. Jarotram, Kanlaya, verkakona í Hveragerði, f. 30. nóvember 1966 í Tælandi.
31. Jerman, Stanko, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 12. október 1951 í Júgóslavíu.
32. Jimma, Mamo Dabaly Huru, verkamaður á Seltjarnarnesi, f. 9. október 1962 í Kenýa.
33. Juul, Jancy Jutta, húsmóðir á Hvammstanga, f. 25. ágúst 1944 í Færeyjum.
34. Kader, Metin, hótellstarfsmaður í Reykjavík, f. 18. janúar 1961 í Tyrklandi. Fær réttinn 7. september 1993.
35. Kawy, Mahdia Mohamed Abdel, húsmóðir í Reykjavík, f. 31. ágúst 1946 í Egyptalandi.
36. Kemtiko, Gertraude Maria, fóstura á Seltjarnarnesi, f. 20. nóvember 1936 í Austurríki.
37. Knowles, Roy David, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 3. júlí 1958 í Englandi.
38. Kolandavelu, Suresh Samuel Madhukar, vélvirki í Reykjavík, f. 10. febrúar 1954 á Indlandi.
39. Kostic, Luca, íþróttaleiðbeinandi á Akranesi, f. 12. september 1958 í Júgóslavíu.
40. Kostic, Svetlana, húsmóðir á Akranesi, f. 5. febrúar 1963 í Júgóslavíu.
41. Kristín Ragnhild Ragnvaldsdóttir, nemi í Kópavogi, f. 5. maí 1969 í Reykjavík.
42. Kristjánsson, Linda Karen, nemi í Reykjavík, f. 19. október 1960 í Kanada.
43. Legaspi, Maria Meriam Gerarman, verkakona á Akureyri, f. 21. ágúst 1957 á Filippseyjum.
44. Maguire, Anna Catherine, tónlistarkona í Reykjavík, f. 28. desember 1959 í Englandi. Fær réttinn 23. september 1993.

45. Martino, Anthony, sölumaður í Reykjavík, f. 21. júlí 1945 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
46. McCormick, Charles Edwin, vélamaður í Njarðvík, f. 26. nóvember 1941 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
47. Munoz, Marietta Calma, iðnverkakona á Akureyri, f. 27. október 1961 á Filippseyjum.
48. Niclasen, Ása Thurid, húsmóðir í Grindavík, f. 7. apríl 1943 í Færeyjum.
49. Nielsen, Fryolf Arvid Vilfred, verkstjóri á Eyrarbakka, f. 13. apríl 1933 í Færeyjum.
50. Nielsen, Jens Jørgen Fischer, lyfjafræðingur í Reykjavík, f. 1. janúar 1917 í Danmörku.
51. Palmero, Juan Francisco Valencia, verkamaður í Reykjavík, f. 1. janúar 1960 á Spáni.
52. Passaro, Leno Hreiðar, sjómaður á Siglufirði, f. 22. nóvember 1972 í Englandi.
53. Passaro, Renzo Gustav, nemi á Siglufirði, f. 2. janúar 1976 í Englandi.
54. Patterson, Gordon Herbert Matthew, vélvirki í Vogum, f. 30. desember 1957 í Skotlandi.
55. Paulsen, Eyrún Petrína, hárgreiðslukona í Hafnarfirði, f. 8. febrúar 1946 í Hafnarfirði.
56. Perez, Eva Batulan, verkakona í Ólafsvík, f. 9. nóvember 1965 á Filippseyjum.
57. Piras, Vincenzo, verkamaður í Reykjavík, f. 17. maí 1964 á Ítalíu.
58. Porca, Salih, knattspyrnumaður í Reykjavík, f. 30. nóvember 1965 í Júgóslavíu.
59. Poulsen, Ib Georg, næturvörður í Reykjavík, f. 16. mars 1944 í Danmörku.
60. Puawkloom, Ladda, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 26. ágúst 1963 í Tælandi.
61. Puttha, Suphan, iðnverkakona í Reykjavík, f. 16. desember 1962 í Tælandi.
62. Qase, Amal, nemi í Reykjavík, f. 25. desember 1963 í Sómalíu.
63. Qin, Zhang Xiao, líffræðingur á Seltjarnarnesi, f. 3. apríl 1955 í Kína.
64. Sanchez, Gladys Noemi Shedan, verkakona í Reykjavík, f. 22. júlí 1954 í Perú.
65. Scala, Róbert Paul, sjómaður í Reykjavík, f. 29. ágúst 1963 í Reykjavík.
66. Shwaiki, Ibrahim Barakat Salem, verkamaður í Reykjavík, f. 14. febrúar 1966 í Jórdaníu.
67. Si Said, Allaoua, verkamaður í Reykjavík, f. 23. mars 1958 í Frakklandi.
68. Slamnig, Suncana, píanókennari á Egilsstöðum, f. 8. september 1959 í Júgóslavíu.
69. Tassinari, Lorenzo, verkamaður í Reykjavík, f. 27. júlí 1959 á Ítalíu.
70. Terrazas, Anna Lísá, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 13. mars 1969 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
71. Thomsen, Julian Jón, lagermaður í Reykjavík, f. 28. febrúar 1973 í Reykjavík.
72. Truong, My Hoa, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 18. maí 1959 í Víetnam. Fær réttinn 30. september 1993.
73. Valadbigi, Behzad, verkamaður í Reykjavík, f. 16. ágúst 1956 í Íran. Fær réttinn 21. september 1993.
74. Velemir, Slavko, sjómaður á Skagatrönd, f. 1. janúar 1964 í Júgóslavíu.
75. Wardum, Eyðstein, sjómaður í Garðabæ, f. 7. apríl 1965 í Færeyjum.
76. West, David, prestur í Reykjavík, f. 21. júní 1943 á Norður-Írlandi.
77. Wuthitha, Sukalaya, framreiðslukona í Keflavík, f. 8. september 1965 í Tælandi.
78. Yeatman, Bronwen, póstafræiðslukona á Stöðvarfirði, f. 4. júní 1954 á Nýja-Sjálandi.
79. Zamudio Ayjarí, Redy Luz, leiðsögumaður á Ísafirði, f. 14. október 1961 í Perú.
80. Överby, Gunnar Atli, sjómaður í Reykjavík, f. 26. október 1951 í Noregi.

## 2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

**L Ö G**

**um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

## I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.**

## 1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Á eftir 31. gr. laganna (laga nr. 75/1981) kemur ný grein er verður 31. gr. A með fyrirsögninni **Niðurfærsla eigna**, svohljóðandi:

Stofnkostnað við kaup á framleiðslurétti í landbúnaði má færa niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.

Eftirtaldar eignir er heimilt að færa niður á því ári sem þær myndast:

- a. Stofnkostnað, svo sem kostnað við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa.
- b. Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja.

Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna. Við sölu eigna skv. a- og b-liðum 2. mgr. telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefur verið færður niður. Um söluhagnað framleiðsluréttar í landbúnaði, sbr. 1. mgr., fer eftir 14. gr.

## 2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda um álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1994 vegna tekna á árinu 1993 og eigna í lok þess árs. Þó skal skattaðila heimilt að miða gildistöku við